

7

3. febr.

L Ö G

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) í aprilmánuði ár hvert.

3. gr.

Af hundum búenda og annarra, er búfé eiga, skal greiða 15 króna skatt árlega, en af öðrum hundum 150 kr. skatt árlega.

Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.

Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð salla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauplúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

7

3. febr.

Gjört í Reykjavík, 3. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

8

6. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 72. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, föstudaginn 6. febrúar 1953.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 6. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

TILSKIPUN

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Belgiu.

9

23. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málminám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Belgíu, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóvember 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem í Belgíu reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málminám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Belgíu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.